



## Forsætisráðherra, innlend málefni 1970, seinni hluti

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – G.B. – Richard J. Wallace – Hallvarður Einarsson  
– Leifur Hannesson – S.F. vegamálastjóri – Sigurður Ö. Sigurðarsson – Sigurjón Sigurðsson  
lögreglustjóri – Sverrir Einarsson – Þórður Björnsson, yfirsakadómari – Örn Ólafsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-38, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kæri Bjarni;

Ég legg hér með 100 kr sem þér lánuðu  
mér í haust, og vil um leið og ég  
þakka yður lánið, láta yður vita að  
í gegn um A.A samtökin og minn eigin  
vilji, hef ég ekki þragðað vín í 7 mánuði.  
Og væri það yammur fyrir okkur bæta  
ef svo tekið til, að þetta væri  
síðasta lán mitt í sambandi við  
'afgjafi'

Bestu kveðjur

Yður einl

Sigurður Ó Sigurðsson

Mattíó S. Rópaeyri.



*Frá dómsmálaráðherra*

*9/12/1911*

ediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



## DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 18. júní 1970.

Með vísun til bréfs yðar og fleiri, dags. 19. maí sl., og í framhaldi af viðræðum, sem fram fóru í ráðuneytinu daginn eftir, varðandi atburði í menntamálaráðuneytinu 24. apríl sl., vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

Afráðið var, að ráðuneytið leitaði umsagna viðkomandi embætta, og tæki síðan afstöðu til málsins. Umsagnir þessara aðila, þ.e. lögreglustjórans í Reykjavík, yfirsakadómarans í Reykjavík og saksóknara ríkisins, hafa nú borizt ráðuneytinu, og fylgja þær hér með í ljósriti, en á fundinum var einnig ákveðið, að ráðuneytið skyldi snúa sér til yðar sem fyrirvarsmanns þeirra, sem á viðræðufundinum voru.

Dómsmálaráðuneytið telur ekki ástæðu til frekari aðgerða af þess hálfu vegna máls þessa, og telur, að málið hafi sætt eðlilegri meðferð viðkomandi embætta.

Hr. Örn Ólafsson,  
Túngötu 47,  
R.



Þómsmálavæðingunni 19/5 1970

Við undrast hér, stödd í Þómsmálavæðingunni 19.5.,  
mótumalun með þess hvers opinbera á því fólki, sem  
satt var ut ís Menntamálaáæðingunni föstudag  
21. apríl s. l. og kreppimót þess, að Þómsmála-  
æðingunni samnaka málid í heild híd þýsta,  
með eissitöku tilliti til eftirfarandi atvái:

- 1) Hves kvæddi lögregluna á vettvang?
- 2) Hves tek ávæðingun um að stjórna fólkinu út?
- 3) Hves ákvað málsméðferð, séðlega, hves tek ávæðingun  
um að hefja gíðregjaldis gíð fólkinu?
- 4) Hves gíð gíð lögreglunni app nógn þessara,  
sem gíðregjaldis.

Ólafsson

Til Þómsmálavæðingunna:

Jón Jónsson

Ólafur Jónsson

Guðmundur Bjarnason

Ólafur Hafald Halldórsson

19/5 Sallaþin. lutt.



Reykjavík, 1. júní 1970.

SS/GH

Vegna bréfs hins háa ráðuneytis, dags. 20. maí s.l., varðandi tilgreindar spurningar út af atburði í menntamála-ráðuneytinu 24. apríl s.l. og rannsókn í því sambandi skal eftirfarandi upplýst.

1. Ráðuneytisstjórinn í menntamálaráðuneytinu, hr. Birgir Thorlacíus, hringdi í yfirlögregluþjón og óskaði eftir lögreglu á staðinn, sbr. skýrslu lögreglunnar varðandi atburðinn.
2. Eftir að ráðuneytisstjórinn hafði margspurt fólkið um erindi þess í manntamálaráðuneytið, og boðið því til viðræðna, sem var hafnað, bað hann það vinsamlega að rýma skrifstofurnar, svo eðlileg störf gætu farið þar fram. Fyrir tilstilli lögreglunnar fór fólkið þá fram á gang og settist þar. Ráðuneytisstjórinn innti þá enn eftir erindi fólksins, en enginn gaf sig fram til viðræðna. Óskaði þá ráðuneytisstjóri eftir því við yfirlögregluþjón, að fólkið yrði enn beðið með góðu að fara, hefði það ekkert erindi fram að færa. Var það gert, en án árangurs. Óskaði þá ráðuneytisstjórinn eftir, að fólkinu yrði vísað út, og var viðstöddum kunnert það, og jafnframt tjáð, að yrði ekki hlýtt, mundi fólkið verða borið út. Um 10 fóru þá sjálfviljugir en hina, um 50, varð aðbera út.
3. Lögregluskýrslur voru gerðar um málið og sendar yfirsakadómaranum í Reykjavík, eins og venja er.
4. Öll nöfn, sem nefnd eru í lögregluskýrslum hafa viðkomandi menn gefið upp sjálfir aðspurðir af lögreglumönnum, eða lögreglumenn hafa þekkt þá. Jafnframt lögregluskýrslunum var sendur listi með 33 nöfnum, sem líkur þóttu benda til, að hefðu verið þátttakendur í þrasetunni í menntamálaráðuneytinu. Lögregluskýrsla var ekki skrifuð um þessa aðila og því ekki um kæru af hálfu lögreglunnar að ræða. Sumir



þeirra skýrðu frá nöfnum sínum sjálfir, aðrir þekktust á staðnum eða voru taldir þekkjast á myndum í dagblöðum, aðallega Þjóðviljanum og Tímanum, og á sjónvarpsmynd af atburðinum, sem sýnd var sama kvöld og hann gerðist.

*Bjarni Benediktsson*

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,  
Arnarhvoli,  
Reykjavík.



# SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

ÓSKAST TILGREINT  
Í SVARBRÉFI

DB/ms

Reykjavík, 9. júní 1970.

Með bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 20. f.m., til yfirsakadómara er beiðst umsagnar um bréf Arnar Ólafssonar, Túngötu 47, hér í borg, q.fl., dags. 19. sama mánaðar, út af atburðum í menntamálaráðuneytinu 24. apríl s.l. og rannsókn í því sambandi.

Hér með leyfi ég mér að senda hinu háa ráðuneyti skýrslu Sverris Einarssonar, fulltrúa, dags. í gærdag, þar sem hann gerir grein fyrir rannsókn máls þessa.



Til  
dómsmálaráðuneytisins,  
R.



Til yfirsakadómara

frá Sverri Einarssyni, fulltrúa yfirsakadómara.

Með bréfi dags. 20. f.m. hefur dóms- og kirkjumála-  
ráðuneytið sent yfirsakadómara til umsagnar ljósrít af  
bréfi Arnar Ólafssonar, Túngötu 17 hér í borg, o.fl., dags.  
19. f.m. varðandi atburði í menntamálaráðuneytinu 24.apríl  
s.l. og rannsókn í því sambandi.

Af því tilefni vil ég taka fram eftirfarandi:

Um mánaðamótin apríl-maí fól yfirsakadómari mér  
undirrituðum að rannsaka greinda atburði og afhenti mér  
um leið 12 skýrslur götulögreglunnar í Reykjavík, sem  
lögreglustjóri hafði sent sakadóminum eins og vanalega er  
gert, ef götulögreglan hefur afskipti af málum, þar sem ætla  
má, að lögbrot hafi verið framin. Í skýrslum þessum var  
getið 12 manna og kvenna, sem götulögreglan hafði haft  
sérstök afskipti af við ofangreint tækifæri, þá var getið  
í skýrslum þessum 20 lögreglumanna, sem verið hefðu á staðnum  
í sambandi við aðgerðir götulögreglunnar við að fjarlægja  
fólkið, svo og tveggja borgara, sem væru vitni að atburðunum.

Föstudaginn 8. f.m. tjáði ég yfirlögregluþjóni rann-  
sóknarlögreglunnar, Ingólfi Þorsteinssyni, að ég mundi ekki  
verða við eftir næstu helgi, þar sem ég væri að hefja rannsókn  
á margnefndum atburðum. Sagði hann mér þá, að götulögreglan  
hefði sent sér lista með nöfnum nokkurra ungmenna, sem tekið  
hefðu þátt í aðgerðum þessum, svo og fjórar ljósmyndir.  
Afhenti hann mér gögn þessi. Á lista þessum voru nöfn 31  
aðila, sem ekki var getið um í lögregluskýrslunum. Fannst mér



einsýnt, að einnig bæri að yfirheyra þetta fólk um atburðina og staðreyna, hvort það hefði einnig verið á staðnum, svo og kanna hver hlutur þessi hafði verið í aðgerðunum og hvað það gæti borið um hlut annarra.

Rannsókn málsins hófst síðan mánudaginn 11. maí og stóð alla vikuna. Var henni þá að mestu lokið, en ennþá er eftir að yfirheyra nokkra aðila, svo og að samprófa, þar sem á milli ber.

Í bréfinu, sem óskað er umsagnar á, eru fjórar spurningar, sem krafizt er svara við. Mun ég svara þrem þeim fyrstu þar sem þær snúa að dómnum, en hinni fjórðu mun lögreglan geta svarað.

Við rannsóknina kom fyrir dóminn Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri og hafði meðferðis skýrslu um atburðina, sem hann hafði samið. Var hún lögð fram sem dskj. og staðfesti ráðuneytisstjórinn hana sem rétta. Í henni segir m.a. orðrétt: "Ég fór í herbergi Árna Gunnarssonar og hringdi þaðan til menntamálaráðherra, dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, sem var á Alþingi og skýrði honum frá innrásinni í ráðuneytið og efni miðans, sem komumenn dreifðu, en hann hljóðar þannig:".....".

Kom okkur ráðherra saman um, að ég skyldi tala við lögreglustjóra og kveðja lögreglumenn á vettvang. Hringdi ég í lögreglustjóra, en hann var þá ekki við í augnablikinu, en ég skýrði skrifstofu hans frá heimsókninni í ráðuneytið og óskaði eftir að lögreglumenn yrðu sendir á vettvang". Á öðrum stað í skýrslu ráðuneytisstjórans segir svo:" Ég hafði á ný síma-samband við menntamálaráðherra og skýrði honum frá ástandinu eftir að komumenn höfðu hafst við í ráðuneytinu um það bil



klukkustund og kom okkur saman um, að rétt væri að biðja lögreglumennina að fjarlægja aðkomumennina úr ráðuneytinu, er þeir höfðu setið þar um klukkustund án þess að bera upp erindi og án þess að láta uppi hve lengi þeir hyggðust dveljast."

Berist sakadómi skýrslur lögreglu eða borgara um atferli, sem ætla má, að kunni að vera refsivert, er vani að hefja rannsókn á því. Er því í þessu máli um að ræða samskonar aðgerðir og vani er að viðhafa undir slíkum kringumstæðum. Ýmist er um að ræða lögreglurannsókn eða dómsrannsókn. Hefur sá háttur oftast verið á hafður, að halda dómsrannsókn, þegar um er að ræða rannsókn, sem beinist að hugsanlegu refsiverðu atferli gagnvart lögreglu og stjórnvöldum. Má til nefna, að dómsrannsókn fór fram í tilefni af óspektum sem urðu 21. desember 1968 fyrir utan Tjarnarbúð og í miðborginni 23. desember sama ár.

Þá má bæta því við, að saksóknari ríkisins hafði samband við mig símleiðis, áður en ég hóf rannsóknina og innti mig eftir því, hvenær ég myndi hefja hana.

Reykjavík, 8. júní 1970.

*Sverrir Þinnarson*



# SAKSÓKNARI RÍKISINS

VS/SJ

Reykjavík, 12. júní 1970.

ÓSKAST TILGREINT Í SVARI

Í tilefni af því að hið háa dómsmálaráðuneyti hefir með bréfi, dagsettu 20. f.m., sent hingað til umsagnar ljósrit af bréfi Arnar Ólafssonar, Túngötu 47 í Reykjavík o.fl., dagsettu 19. f.m., varðandi atburði í menntamálaráðuneytinu hinn 24. apríl s.l. og rannsókn í því sambandi, skal fram tekið, að mál þetta hefir eigi borist hingað, en mér er kunnugt um að það er til rannsóknar í sakadómi Reykjavíkur.

F. h. s.

*Halvatiur Guðmundsson*

Til  
dómsmálaráðuneytisins,  
Reykjavík.




THE ATLANTIC COUNCIL

26. janúar 1970

Utanríkisráðuneytið,  
Reykjavík.

Hér með er þess beiðst, að utanríkisráðuneytið  
hlutist til um, að aðalræðismannsskrifstofan í New York  
endurnýi til þriggja ára áskrift forsætisráðherra að  
the Atlantic Council of the United States samkv. með-  
fylgjandi formi.

F. h. p.





*Ísta consubstít -  
New-York sendum til þriggja  
ára*

**THE ATLANTIC COUNCIL  
OF THE UNITED STATES**

1616 H Street, Northwest Washington, D.C. 20006

Dear Subscriber:

Politics has been defined as the art of making possible what is necessary.

And in this crowded, jet-propelled nuclear age, many new things are becoming necessary. This Government and the Governments of other countries, notably in Europe and Canada, are groping for new answers ... new ways of dealing with the wider-than-national problems which affect us all.

No wonder there is controversy. No wonder there is conflict between nationalism and internationalism -- and between different proponents of each. We live in an age of unprecedented problems and the future of all of us depends on finding the right answers. As President Johnson has said:

"Today's discussion and debate, the flow of ideas and proposals, is proof of coming change and a spur to continuing action."

You have been participating in this "discussion and debate" -- which is the initial prelude to great new developments -- in the pages of The ATLANTIC COMMUNITY Quarterly. This is just a reminder that your subscription is now up for renewal.

A renewal order form and reply envelope are enclosed for your convenience. Won't you take a moment now, while you're thinking about it, to check and return the renewal form.

(over, please)

uneytið  
í New York  
erra að  
kv. með-



May I suggest that you also use the back of the order form to enter a subscription for a friend, an associate or a student at college. We will send each recipient a gift card in your name.

Your association with the Atlantic Council is important to us, and appreciated.

Sincerely yours,



Richard J. Wallace  
Director General

RJW:RB



F -

26. janúar 1970

Samtök Íslenskra Verktaka,  
Bólholti 4,  
REYKJAVÍK.

---

Í bréfi yðar dags. 10. janúar fer eitthvað á milli mála, að ég hafi gefið "þá yfirlýsingu að allar væntanlegar framkvæmdir við Vesturlandsveg yrðu unnar samkvæmt samkeppnisútbóði". Slíka yfirlýsingu hefi ég aldrei gefið þegar af því, að til hennar hefði ég ekki haft neina heimild. Ákvörðun um mál þetta heyrir undir samgönguráðherra en ekki mig og gat ég því ekki annað en rætt málið almennt, enda mér aldrei komið til hugar að ætlunin væri að fá á rabbfundi við mig bindandi yfirlýsingu um ákvörðun annars ráðherra.

Óhagganlegt er að útbóð hafa verið gerð um meginhluta þessara vegaf framkvæmda, en með slíkum útbóðum hefur auðvitað engum komið til hugar að skuldbinda ríkið til, að það gæti ekki látið vinna einstakan hluta framkvæmdanna eftir því, sem réttum aðilum þykir best henta.

Hér með sendist afrit af minnisblaði Vegagerðar ríkisins varðandi þetta mál.

Forsætis-  
ráðuneytið

*Björn*



20/1 70.

Nr.

Lagt fram á ráðherra-  
fundi 20/1 1970

63

Reykjavík, 10. janúar 1970.

Hæstvirtur Forsætisráðherra,

Vér vísum til fundar við yður í september 1968 um framkvæmdir í Vesturlandsvegi en þar var mætt stjórn Félags Vinnuvélaeigenda, sem er aðili að samtökum vorum.

Á fundi þessum gáfuð þér þá yfirlýsingu, að allar væntanlegar framkvæmdir við Vesturlandsveg yrðu unnar samkvæmt samkeppnisútbóði. Samkvæmt upplýsingum samgöngumálaráðherra verða brúarframkvæmdir við Elliðaár ekki boðnar út. Forsendur stefnubreytingar þessarar eru gefnar, að Vegagerðin þurfi að nýta starfslið að vetri til, sem þeir noti við sumarframkvæmdir.

Vér viljum áréttta:

1. að ákvörðun sem þessi, er ójöfn samkeppni ríkisfyrirtækis við einkarekstur.
2. að starfsmenn þeir, sem um ræðir voru í sumarverkefnum, sem einnig ætti að setja í útböð.
3. að einkafyrirtæki verða að segja upp starfsfólki, þegar um verkefnaskort er að ræða.
4. að Vegagerðin auglýsti eftir verkfr. sem eftirlitsmanni vegna þessarra framkvæmda í 6-8 mánuði.
5. að útböð við framkvæmdir hafa sparað verulegt fé fyrir opinbera aðila.
6. að einkafyrirtæki greiða skatta af rekstri sínum en ríkisfyrirtæki ekki.

Það er eindregin ósk stjórnar Samtaka Ísl. Verktaka, að þér sjáið yður fært að halda fyrri ákvörðun yðar óbreyttri.

SAMTÖK ÍSL: VERKTAKA  
BOLHOLTI 4 - REYKJAVÍK.

Eðli málsins vegna, óskar stjórn vor eftir bréflegu svari yðar  
sem fyrst.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Samtaka Ísl. Verktaka

Leifur Hannesson  
Leifur Hannesson, verkfr.,  
formaður.

Afrit:

Samgöngumálaráðherra



Minnisblað

varðandi útboð framkvæmda við Vesturlandsveg  
um Elliðaárdal, í tilefni af bréfi Samtaka  
Íslenzkra verktaka til forsætisráðherra hinn  
10. þ.m.

20. jan. 1970

Til samgönguráðherra.  
Frá vegamálastjóra.

Um miðjan september s.l. var ákveðið að hraða lagningu hraðbrautar á Vesturlandsvegi um Elliðaárdal og stefna að því að ljúka því verki sumarið 1970.

Hinn 23. september var auglýst eftir tilboðum í undirbyggingu vegarins, og voru þau tilboð opnuð 15. október. Kom þá í ljós, að öll tilboðin voru lægri en kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar, sem var reiknuð samkvæmt gildandi töxtum Félags vinnuvélaeigenda og Landssambands vörubifreiðarstjóra með hliðsjón af lægstu einingarverðum, sem fengizt höfðu við útboð á sams konar verki við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi vorið 1968. Var því kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar alls ekki miðuð við það, að hún ynni verkið með eigin tækjum, en þá hefði áætlunin orðið mun lægri, þar sem leigutaxtar Vegagerðarinnar fyrir eigin vélar voru á s.l. ári um 40% lægri en taxtar Félags vinnuvélaeigenda og svipað gildir um taxa Landsambands vörubifreiðarstjóra.

Í lok september var byrjað á að byggja ræsi yfir vesturfarveg Elliðaár af starfsmönnum Vegagerðarinnar, enda enginntími til þess að bjóða verk-ið út þótt óskað hefði verið, þar sem ræsið þurfti að vera fullgert og harðnað 20. desember, vegna framkvæmda við undirbyggingu vegarins.

Mikil blaðaskrif urðu í tilefni af því, að tilboðin í undirbyggingu urðu mun lægri en áætlun Vegagerðarinnar, og voru mörg þeirra skrifa byggð á röngum forsendum, eins og að framan greinir.

Í lok október kom til umræðu við ráðuneytið, hvort bjóða skyldi út yfirbyggingu Elliðaárbrúar, en undirstöður stöpla hennar voru byggðir s.l. vor, og Vegamótabrú yfir Reykjanesbraut-Elliðaárvog, skammt vestan við Elliðaárna, en stærð þessara brúa er mjög svipuð eða um 1000 m<sup>2</sup> hvorr-ar um sig.

Niðurstaðan af þessum umræðum við ráðuneytið var sú, að starfsmenn Vegagerðarinnar skyldu ljúka byggingu brúarinnar yfir Elliðaár, en bjóða skyldi vegamótabrúna út, og var það gert hinn 17. des. s.l. og tilboð opnuð 15. þ.m.



Eftirtalin rök voru fyrir þessari ákvörðun:

1. Vegagerðin ætti að hafa öll skilyrði til þess að geta lokið yfirbyggingu Elliðaárbrúarinnar eins ódýrt og hægt væri, þar sem hún hefði á að skipa til þessa verks um 20 þauvönnum brúargerðarmönnum, sem eru kjarninn úr fjórum brúargerðarflokkum, sem gerðir eru út frá Reykjavík. Mönnum þessum hefði ella orðið að segja upp störfum velflestum fyrir áramót, þar sem engin sérstök verkefni við byggingu áhaldahúsa eða skúrasmiði voru fyrir hendi. Einnig hefði Vegagerðin ónotað yfir vetrarmánuðina öll nauðsynleg tæki til slíkrar framkvæmdar, svo og mikið af efnisleifum frá öðrum brúm, sem byggðar voru á s.l. sumri, og mundi það spara töluvert fé við byggingu brúarinnar.

2. Með því að bjóða út mjög svipað verk samtímis og á sama stað fengizt kærkomið tækifæri til þess að fá úr því skorið, hvort verktakar getu byggt brýr mun ódýrar en Vegagerðin og fá með því móti raunhæfan sam-  
anburð á einingarverðum beggja aðila.

Eftir að tilboð í vegamótabrúna voru opnuð hinn 15. þ.m., kom í ljós, að lögstjóðandi í vegamótabrúna var verktaki, sem byggt hefur báðar vegamótabrýnnar á Hafnarfjarðarvegi í Kópavogi. Ætti því að fást réttlátur samanburður á þessum framkvæmdum, þar sem þessi verktaki hefur þjálfuð starfsmönnum í brúargerð á að skipa og einnig töluverðar birgðir af efni frá þeim brúm. Einnig ætti sérstaða Vegagerðarinnar varðandi viðlegubúnað verkamanna og eigin flutningatæki ekki að hafa nein teljandi áhrif á þennan samanburð við framkvæmd inni í sjálfri höfuðborginni.

Varðandi einstök atriði í bréfi Sambands íslenskra verktaka skal þetta tekið fram:

3. Vegagerðin segir upp um 80% starfsmanna við brúargerð á haustin, en verulegur hluti þeirra starfsmanna eru þó skólafólk. Vegagerðin reynir á sama hátt og verktakar að halda í fastan kjarna brúargerðarflokkanna allt árið, enda þarf stöðugt að grípa til þessara starfsmanna yfir vetrarmánuðina til viðgerða á brúm í sambandi við flóðaskemmdir, ákeyslur á brýr o.þ.h.
4. Verkfræðingur, sem áuglýst var eftir vegna eftirlits við brúargerðarframkvæmdir í Elliðaárdal, á að hafa eftirlit með framkvæmdum við vegamótabrúna, sem boðin var út, og einnig Elliðaárbrúna, þar sem verkfræðingar á brúadeild eru störfum hlaðnir yfir vetrarmánuðina við undirbúning framkvæmda fyrir næsta sumar.
5. Hér er um fullyrðingu að ræða, sem vikið er að hér að framan, og verður að teljast ósönnuð, að því er framkvæmdir Vegagerðarinnar snertir.



## VEGAGERÐ RÍKISINS

6. Það er rétt, að ríkisfyrirtæki greiði ekki skatta, en þau eiga einnig að geta framkvæmt verk a.m.k. þeim mun ódýrar sem sköttunum nemur, og er ég þess fullviss, að svo muni vera um brúargerðarflokka vegagerðarinnar.

Þá skal á það bent, að í upphafi bréfsins vísa Samtök íslenskra verktaka til viðræðna, sem stjórn Félags vinnuvélaeigenda hafi átt við forsætisráðherra, en það félag sé aðili að Samtökum íslenskra verktaka.

Mér er nær að halda, að þessu sé öfugt farið, því að í bréfi til fulltrúa Alþjóðabankans, Mr. Bergan, dags. 19. des. s.l., sem stjórn Samtaka íslenskra verktaka ritaði honum fyrir tilstilli Vegagerðar ríkisins, þá var þess ekki getið þar, að Félag íslenskra vinnuvélaeigenda sé aðili að Samtökum íslenskra verktaka, en í bréfinu eru öll aðildarfélög samtakanna talin upp.

Að lokum skal það tekið fram, að eigi Elliðaárbrúin að vera tilbúin í júní n.k., um leið og undirbygging vegarins og vegamótabrúin, þá er engin leið til þess að slíkt geti orðið, ef horfið yrði að því ráði nú að breyta fyrri ákvörðun og bjóða brúna út, þar sem það mundi tefja verk-  
ið um  $1\frac{1}{2}$ -2 mánuði.

Sg.